

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 29. apríl 2015 kl. 10:00-11:00 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Benedikt Hjartarson (B&L), Gunnar Harðarson (HEIM), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Rúnar Már Þorsteinsson (GUD), Jón Ólafsson (RIKK), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Auður Hauksdóttir (SVF), og Eiríkur Rögnvaldsson (MVS) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Samþykkt einróma.

2. *Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar – úthlutun*: ESS gerði grein fyrir umsóknum og bar fram tillögu um úthlutun styrkja. Alls bárust 12 umsóknir upp á um 1,5 milljónir og var samþykkt að styrkja þær allar. (Ein umsókn sem hafði fyrir slysi ekki borist inn á fund var samþykkt með tölvupósti í maí.). Listi yfir úthlutun er í viðhengi. Allar upphæðir eru hámarksstyrkur sem kemur til greina í hverju tilfelli og mun endanlega styrkuppþæð ráðast af endanlegum kostnaði. Tillaga samþykkt einróma.

3. *Málefni Miðaldastofu*: ÁE kynnti málið. Miðaldastofa heldur úti mjög virkri starfsemi en fær hvorki föst framlög frá Hugvísindastofnun til að standa straum af útlögðum kostnaði vegna hennar. ÁE bar upp tillögu um að Hugvísindastofnun hefði svigrúm upp á að hámarki 200.000 kr. árlega til að styðja við starfsemi stofnunar. Tillaga samþykkt einróma.

4. *Ný stofa undir Sagnfræðistofnun*: AA kynnti tillögu um að stofna stofu í einsögurannsóknum undir Sagnfræðistofnun. Stefnt verður að því að reglur nýrrar stofnunar verði samþykktar á aðalfundi Sagnfræðistofnunar 20. maí. Málið var til kynningar og fékk góðar undirtektir.

5. *Vísindanefnd HÍ*: IE gerði grein fyrir starfi sínu í vísindanefnd HÍ og ræddi ýmis álitamál sem hafa komið upp á síðustu mánuðum. Hún taldi þörf á að endurskoða vinnulag við skipun fagraða og vinnureglur þeirra til að tryggja betur að í fagraði sé ávalt nægjanleg reynsla af mati umsókna og að allar umsóknir fái faglega og sambærilega meðferð. Vísindanefnd tók undir þessar ábendingar.

6. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 11:00

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar: Styrkir 2015-1

Umsókn	Fl.	Lýsing	Úthlutun
B&L-1	3	Heimsókn fræðimanns - Pinkus	100.000
B&L-2	1	Innlend ráðstefna um Kundera (með SVF)	125.000
B&L-3	3	Fræðimaður - Nikulin	100.000
B&L-4	3	Fræðimaður - Miller	100.000
B&L-5	1	Alþjóðleg ráðstefna um þýðingar	300.000
GUÐ-1	2	Málþing um 2017.is (vor)	25.000
GUÐ-2	2	Málþing um 2017.is (haust)	25.000
HEIM-1	3	Fræðimaður - Witherspoon	50.000
MÁL-1	3	Fræðimaður - Wagner	100.000
MÁL-2	1	Alþjóðleg ráðstefna um annarsmálsfræði	300.000
RIKK-1	1	Alþjóðleg ráðstefna um kosningarétt kvenna	300.000
SIÐ-1	1	Alþjóðleg ráðstefna um lýðræði	300.000
SVF-1	5	Þýðing á grein (Ásdís)	40.000
Samtals			1.865.000

Upphæðir eru í öllum tilfellum hámarksupphæðir. Endanleg upphæð fer eftir útlögðum kostnaði skv. reglum sjóðsins.